

Greið leið ehf.

Strandgötu 31, 600 Akureyri. Sími: 464-5410

Aðalfundur 2025

Fundargerð

Aðalfundur í einkahlutafélaginu Greiðri leið ehf., kt.: 420403-2670, var haldinn miðvikudaginn 25. júní 2025. Fundurinn var haldinn í fjarfundi á Teams og hófst kl 13:00.

Alls voru mættir 16 gestir til fundarins. Þar af 14 hluthafar sem fóru með samtals með 88,31% hluta í félaginu. Mættir voru: Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Arnór Benónýsson, Ásthildur Sturludóttir, Bergþór Bjarnason, Björn Sigurður Lárusson, Finnur Yngvi Kristinsson, Halldór Jóhannsson, Heimir Örn Árnason, Hilmar Gunnlaugsson, Jóhannes H. Símonarson, Snorri Finnlaugsson, Steingrímur Hannesson, Sveinn Viðfjörð Aðalgeirsson, Sigurgeir Steindórsson, Þórunn Harðardóttir og Þröstur Friðfinnson.

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir formaður stjórnar setti fundinn og samþykkti fundurinn tillögu hennar um að hún myndi stýra fundinum og rita fundargerð. Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins og hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboðun. Svo var ekki og var fundurinn úrskurðaður lögmætur.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir formaður stjórnar fór yfir skýrslu stjórnar. Í skýrslunni kom hún meðal annars inn á hlutafjárukningu félagsins á síðasta ári sem flestir eigendur félagsins tóku þátt í, sem og að stjórn hafi ekki fundað oft á árinu enda óvirkt félag í raun. Stjórn hefur óskað eftir fundi með fjármálaráðherra til að ræða möguleika þess að ríkið kaupi Greiða leið út úr Vaðlaheiðargöngum ehf.

2. Skoðaðir reikningar félagsins fyrir árið 2024, ásamt skýrslu skoðunarmanna

Formaður kynnti reikninga félagsins fyrir árið 2024.

Fundarstjóri lagði reikninga félagsins fram til samþykktar. Voru þeir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

3. Meðferð á tapi ársins 2023

Fundarstjóri lagði til að tap ársins 2024 yrði tekið af eigin fé félagsins en vísaði annars til þess sem fram kemur í ársreikningi félagsins um ráðstöfun afkomu. Var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Greiðslur til stjórnar

Fundarstjóri lagði til að áfram yrði ekki greitt fyrir setu í stjórn félagsins. Var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Greið leið ehf.

Strandgötu 31, 600 Akureyri. Sími: 464-5410

5. Tillaga um breytingu á samþykktum félagsins og skráðum skoðunarmönnum

Formaður kynnti tillögu stjórnar um breytingu á 19. grein samþykkt félagsins um kosningu skoðunarmanna. Lagði stjórn félagsins til að 19. gr. samþykkt félagsins hljóði eftirleiðis svo:

„Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn eða fleiri löggilta endurskoðendur eða skoðunarmenn. Skulu þeir rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðendur eða skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.“

Stjórn félagsins upplýsti jafnframt að núverandi skoðunarmenn félagsins, Guðmundur Baldvin Guðmundsson, kt. 181262-5089, og Stefán Jóhann Árnason, kt. 230856-5599, hafi látið af störfum sem slíkir fyrir félagið en að KPMG ehf., kt. 590975-0449, verði áfram skráðir endurskoðendur. Tillagan er lögð fram að tillögu skoðunarmanns en engin starfsemi er í félaginu og endurskoðendur sem vinna ársreikning félagsins í samræmi við reikningsskilareglur og því hlutverk kjörinna skoðunarmanna minniháttar.

Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Kosning stjórnar

Fyrir fundinum lá tillaga um að í stjórn yrðu kosin: Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Heimir Örn Árnason og Halldór Jóhannsson. Var sú tillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Formaður stjórnar er Albertína Friðbjörg Elíasdóttir. Tillaga um varamenn voru Bergþór Bjarnason og Knútur Emil Jónasson.

Tillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7. Tillaga um heimild stjórnar til að auka hlutafé félagsins

Eins og fram kom á síðasta aðalfundi þá á félagið nú enga fjármuni og leggur stjórnin því til við aðalfund að samþykkt verði að breyta núverandi ákvæði 3. mgr. 4. gr. samþykkt félagsins, um heimild stjórnar til aukningar sem gildi til 30. júní 2017, á þann veg að hún eftirleiðis hljóði svo:

„Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutafé félagsins um allt að kr. 5.000.000 að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta. Hluthafar njóta forgangs til áskriftar að hinum nýju hlutum í samræmi við hlutafjáreign sína. Andvirði hlutafjárauðningarinnar skal notað til fjármögnunar á rekstri félagsins Stjórn félagsins ákveður útboðsgengi þessara hluta, sölureglur, fresti til áskriftar og fresti til greiðslu þeirra. Stjórn félagsins skal heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við útgáfuna. Heimild þessi fellur úr gildi eigi síðar en 31. maí 2026.“

Opnað var á umræður. Enginn tók til máls.

Tillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Greið leið ehf.

Strandgötu 31, 600 Akureyri. Sími: 464-5410

8. Aukning á hlutafé félagsins.

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um aukningu hlutafjár með útgáfu nýrra hluta að nafnverði samtals kr. 1.747.491. Tillaga stjórnar miðaði að því að hið nýja hlutafé skyldi selt á genginu kr. 1 á hvern nafnverðshlut, og söluverð nýrra hluta því kr. 1.747.491. Lagt var til að greiðsla nýrra hluta færi fram að hluta með skuldajöfnun á móti kröfum hluthafa að fjárhæð kr. 1.312.209 og að hluta með reiðufjárgreiðslu að fjárhæð kr. 435.282. Af því tilefni lagði stjórn félagsins fram skýrslu á grundvelli 26. gr., sbr. 2. mgr. 5. gr. ehfl., ásamt yfirlýsingu endurskoðanda, og lagði til að hinir nýju hlutir myndu veita réttindi í félaginu frá og með samþykki fundarins á tillögunni. Þá skyldi greiðsla fyrir hlutina eiga sér stað samhliða afhendingu þeirra, yrði tillagan samþykkt. Stjórn upplýsti hluthafa um að áformaður skuldajöfnuður, sem hluti af greiðslu nýrra hluta, væri við neðangreinda hluthafa félagsins, sem eiga eftirfarandi kröfur á hendur félaginu, sem nú er lagt til að verði skuldajafnað að öllu leyti sem endurgjald fyrir nýja hlut á eftirfarandi hátt:

Nafn kröfuhafa:	Kennitala:	Heimilisfang:	Fjárhæð kröfu:	Nýir hlutir:
Akureyrarbær	410169-6229	Geislagötu 9, 600 Akureyri	kr. 996.617	996.617
KEA svf.	680169-2769	Glerárgötu 36, 600 Akureyri	kr. 309.005	309.005
Eimskip Ísland ehf.	421104-3520	Sundabakka 2, 104 Reykjavík	kr. 6.587	6.587
Samtals:			kr. 1.312.209	1.312.209

Eftir framangreinda aukningu nemur hlutafé félagsins kr. 375.411.081 að nafnverði. Áætlaður kostnaður félagsins vegna hlutafjárauðingunnar kemur til með að vera um kr. 100.000.

9. Staðfesting og undirritun nýrra samþykktu félagsins.

Fyrir fundinum lágu drög að samþykktum með þeim breytingum sem framangreindar tillögur stjórnar höfðu í för með sér. Fundurinn staðfesti þær og voru samþykktirnar undirritaðar fyrir hönd félagsins.

10. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málafni sem löglega eru borin upp

Rætt var um framtíð félagsins og voru fundargestir sammála um mikilvægi þess að samtalið verði tekið fyrir alvöru með fjármálaráðuneytinu um að félagið verði keypt út úr Vaðlaheiðargöngum ehf.

Hilmar Gunnlaugsson formaður stjórnar Vaðlaheiðarganga hf. gerði stuttlega grein fyrir stöðu félagsins og framtíð þess, meðal annars með tilkomu fyrirhugaðs innviðafélags ríkisins.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til að ganga frá fundargerð í framhaldi af fundinum. Sú tillaga var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum og fundi slitið kl. 13:33.